

Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganeftnar
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 6. október 2022

Efni: Fjármagn til stuðnings þróunar ferða- og umhverfismála á Suðurnesjum

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum óskar eftir kr. 150.000.000 til suðnings verkefna á sviði ferða- og umhverfismála í landshlutanum.

Á Suðurnesjum hefur undanfarin áratug verið unnið sameiginlega að uppbyggingu og þróun ferðaþjónsuntu í landshlutanum, annars vegar í gegnum Áfangastaðastofu Reykjaness (Markaðsstofu Reykjaness) og hins vegar í gegnum Reykjanes UNESCO Global Geopark. Með samhæfðu átaki þessara stofnana og samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og íbúa svæðisins hefur verið unnið mikið verk í að styrkja ímynd svæðisins, í umhverfismálum, uppbyggingu áningarástaða, fræðslu, þróun ferðamála og markaðssetningu á áfangastaðnum, hvort sem er fyrir heimamenn eða erlenda gesti.

Mikið áatak hefur verið gert í verkefnum sem snúa að hverskonar uppbyggingu og hvatningu til vörurþróun, nýsköpunar og þróun tækifæra fyrir fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Öll verkefnin sem unnið hefur verið að miðað að því að styðja við og byggja upp svæðið í krísu og viðvarandi krísstjórnun hefur verið í gangi; frá árinu 2006 þegar herinn yfirgefut svæðið, 2008 þegar fjármálakreppan skellur á, 2014 þegar yfir 14% atvinnuleysi var á svæðinu, 2016 þegar starfsmenn vantar í flug og ferðaþjónustu en ímynd svæðisins í molum, 2019 þegar WOW fellur, 2020 og 2021 í Covid og nú síðast viðbrögð við eldgosi árið 2021 og 2022. Að baki liggja mörg verkefni, og enn fleiri liggja fyrir til að viðhalda góðu verki og frekari þróunar og uppbyggingu á svæðinu. Þessi verkefni er ekki unnt að ráðast í nema með auknu fjármagni til að tryggja að hægt sé að vinna þeim framgöngu.

Samkvæmt Fjárlögum sem lögð hafa verið fram er ekki reiknað með að auka framlög til áfangastaðastofa og ekki tryggt fjármagn til markaðssetningar erlendis sem komið hefur í gegnum Íslandsstofu. Samningar um áfangastaðastofur rennur út á næsta ári 2023. Ekki liggja fyrir áform um frekari samninga, þó líst hafi verið yfir vilja til áframhaldandi verka eða áætlun ríkisins til frekari þróunar í ferðamálum.

Þá hefur ráðuneyti menningar- og viðskipta ekki lagt til framtíðaráform um jarðvanga sem í dag eru eingöngu á forræði sveitarfélaganna án stuðnings ríkisins, en heyra þó undir stefnu UNESCO um verndun jarðminja líkt og Heimsminjasvæði UNESCO (Þingvellir, Vatnajökulsþjóðgarður og Surtsey) eða Maður og lífheimur (Man and Biosphere), en fjármagn hefur verið veitt til Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi til að styðja þau við gerð umsóknar til þeirrar áherslu.

Samband sveitarfélaga hefur hingað til lagt til fjármagn við verkefni og starfsmannahalds, auk fjármagns og stuðnings Ferðamálastofu, sveitarfélaga á svæðinu, fyrirtækja og fleiri aðila.

Með þessu erindi er óskað eftir fjármagni til:

- Áfangastaðastofu Reykjaness til að vinna að framgangi verkefna áfangastaðarins, bæði verkefna sem eru á skipulagi og hafa liðið fyrir viðbrögð við eldgosi og önnur verkefni til að tryggja örugga upplýsingagjöf til ferðamanna. Reykjanesið er að ganga í gegnum umbrotatímabil og fyrirséð að von er á frekari eldgosum í náinni framtíð sem bregðast þarf við. Löggreglustjórin á Suðurnesjum og Safetravel hafa gefið það út að þátttaka áfangastaðastofunnar hefur skipt sköpum í þeim verkefnum sem upp hafa komið. Óskað er eftir kr. 15.000.000 eða sem samsvarar einum starfsmanni í eitt ár.
- Reykjanes Geopark til að vinna að framgangi verkefna jarðvangsins, bæði verkefna sem eru á skipulagi og hafa liðið fyrir viðbrögð við eldgosi og önnur verkefni til að vinna að fræðslu til íbúa og gesta, viðhaldi og verndun umhverfisins. Reykjanes jarðvangur fer í endurskoðun hjá UNESCO á árinu 2023 og mikilvægt að vinna vel að þeirri úttekt til að tryggja áframhaldandi starf stofnunarinnar. Starfsemi jarðvangsins hefur verið mikilvægur fyrir framgang umhverfis- og menningarverkefna í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og íbúa svæðisins. Jarðvangurinn hefur verið lykilþáttur í uppbyggingu á jákvæðri ímynd svæðisins og verkefnin sem hefur verið unnið að í gegnum þennan vettvang frá áriðnu 2012 hefur skilað meiri árangri til samfélagsins en önnur sambærileg verkefni eða friðlýst svæði á svæðinu. Óskað er eftir kr. 15.000.000 eða sem samsvarar einum starfsmanni til eins árs.
- Reykjanes Geopark til að vinna að framgangi gestastofa jarðvangsins í Kvikunni í Grindavík og Duushúsum í Reykjanesbæ. Unnið hefur verið að uppsetningu og endurgerð gestastofu í Duushúsum sem sýnir yfirlit yfir landshlutann og fjölbreytileika náttúrunnar og umhverfisins og eiginleika jarðvangsins og tengingu við UNESCO. Í Grindavík er unnið að uppsetningu og þróun gestastofu og samfélagsýningu vegna nálægðar við eldsumbrot. Sýningin og vinnan við hana enduspeglar starfsemi jarðvanga um allan heim, þar sem íbúar hafa beinan aðgang og vinna að þróun sýningarinnar. Sýningin kemur til vegna nýlegra eldsumbrota á svæðinu og á að enduspeglar hvernig það er að búa nærrí eldfjalli og hvernig samfélagið vinnur saman að því að fræða, bregðast við og vinna úr áföllum því tengdu. Gagarín vinnur báðar sýningarnar samhliða. Óskað er eftir kr. 120.000.000 til að vinna að framgöngu sýninganna, en nú þegar er búið að tryggja upphæð kr. 50.000.000 til þróunar og framkvæmda við sýningarnar, auk framlaga sveitarfélaganna sem leggja til húsnaði undir þær.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum



Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri